

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. mars 2008

## Efni: Umsögn um Þskj. 508 - 325 mál á 135. löggjafarþingi 2007-2008

Umsögn þessi varðar einungis 1. og 2. gr. I. KAFLA frumvarpsins.

### 1. ALMENNT

Deloitte fagnar almennt því markmiði frumvarpsins að undanþiggja söluhagnað hlutabréfa skattlagningu. Hins vegar höfum við nokkrar athugasemdir um ákvæði frumvarpsins.

#### **Skattlagning söluhagnaðar sameignarfélaga.**

Það sem vekur athygli í frumvarpinu er að ekki er sérstaklega tekið á skattlagningu söluhagnaðar sameignarfélaga, samlagsfélaga og samlaga. Við breytingar á tekjuskattlögum hingað til hefur verið sérstaklega miðað að því að endanleg skattlagning eða raunskattlagning sé hin sama. Í þessu sambandi skal bent á að við breytingu á tekjuskattlögum nr. 95/1998 var hlutafélögum heimilað að draga móttekinn arð frá tekjum. Í sömu lögum var einnig tekið sérstaklega á því hvernig slíkar tekjur skyldu skattlagðar hjá sameignarfélögum eða 10%<sup>1</sup> eins og í hendi einstaklinga. Í greinargerð með því frumvarpi var tekið fram eftirfarandi:

*Ástæðan fyrir því að heimild til frádráttar á mótteknum arði er takmörkuð við framangreind félagsform en nær t.d ekki til sameignarfélaga er sú að með innborgun arðs til þeirra er skattlagningu hans að fullu lokið þar sem úttekt úr sameignarfélagi er skattfrjáls en arðgreiðsla úr hlutafélagi til einstaklinga ber fjármagnstekjuskatt. Með þessum reglum næst því sama skattlagning á arð óháð því hvort hann hefur gengið í gegn um fleiri eða færri lögaðila og óháð því hvers eðlis þeir eru.*

<sup>1</sup> Sbr. 3. mgr. 71. gr. laga nr. 90/2003

Eftir þessa breytingu var endanleg skattlagning þessa árs 10% (annars hvort við úthlutun til einstaklings sem hluthafa eða sem endanleg skattlagning í sameignarfélagi). Heildarskattlagning hagnaðar er því 26,2 % í hlutafélögum en 26% í sameignarfélögum.

Vegna þessa hefði verið eðlilegt að hafa þessi sjónarmið í huga við samningu umrædds frumvarps. Þannig hefði verið heppilegra að skattleggja söluhagnaður sameignarfélaga, samlaga og samlagsfélaga í 10% skatti í stað 26% til að jafna aðstöðu við endanlega skattlagningu.

### ***Framkvæmd frádráttar þeirra sem bera takmarkaða skattskyldu***

Ljóst er að söluhagnaður þeirra sem eru ótakmarkað skattskyldir hér á landi mun ekki verða staðgreiðsluskyldur hvorki samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, né samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðfreいðslu skatts á fjármagnstekjur. Hins vegar þykir ljóst að þrátt fyrir umrædda frádráttarreglu þá mun söluhagnaður þeirra sem eru takmarkað skattskyldir hér á landi verða staðgreiðslu skyldur sk. lögum nr. 45/1987. Hér er því um verulega mismunun á skattalegri meðferð eftir því hvort lögaðilinn er með staðfestu á Íslandi eða annars staðar á EES svæðinu sem hlýtur að valda því að um brot á þeim samningi sé að ræða. Auk þessa er kunnara en frá þurfi að segja að í dag er ekki haldið eftir staðgreiðslu af söluhagnaði þeirra sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi enda er ómögulegt að geta sér til um skattstofninn.

### ***Lagaskil - Hvernig ber að gera upp frestaðan söluhagnað?***

Ekki eru sérstök ákvæði um lagaskil, þ.e. hvernig beri að taka á þeim söluhagnaði sem lögaðilar hafa frestað áður en ákvæðin taka gildi. Á að tekjufæra frestaðan söluhagnað 2007 á árinu 2009 eða er gert markmiðið að heimila frádrátt vegna þess söluhagnaðar einnig? Heppilegra hefði verið að hafa sérstakt ákvæði sem tæki á þessum lagaskilum.

## **2. EINSTAKAR GREINAR**

### ***Varðandi 1. gr:***

Þar sem frádrátturinn á ekki við um sameignarfélög, samlagsfélög og samlög þá er óskiljanlegt af hverju ákvæðið er ekki látið halda sér vegna þeirra aðila.

Athugasemdir í greinargerð um að ekki séu lengur forsendur fyrir ákvæðinu eiga því ekki við rök að styðjast.

### ***Varðandi 2. gr.:***

Í a.lið 2. gr. er lagt til að fella niður frádráttarheimild vegna sannanlega tapaðs hlutafjár. Skýring í greinargerð er á þann veg að með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og breytingum sem átt hafa sér stað í viðskiptalífínu á umliðnum árum þá sé lagt til að fella þessa frádráttarheimild niður. Ekki verður séð að tengsl séu á milli þessa ákvæðis og annara breytingartillagna í þessu frumvarpi nema ef hér gæti þess misskilnings að átt sé við sölutap. Ákvæði 24. gr. laga nr. 90/2003 fjallar hins vegar um frádrátt vegna sölutaps og er það ákvæði að sjálfsögðu ennþá þarft enda nær það til mun fleiri tilvika en hér er til umfjöllunar.

B. liður 2. gr. hefur síðan að geyma meginbreytinguna hvað varðar frádrátt söluhagnaðar. Fagnað er þeirri leið sem er farin hvað varðar skattfrelsið, þ.e. að binda það hvorki við eignarhaldstíma né önnur atriði sem gætu þrengt heimildina verulega.

Hvað varðar sameignarfélög og önnur félög sem skattlögð eru með svipuðum hætti vísa ég til almennrar umfjöllunar í 1. kafla að framan.

Í 2. mgr. b.liðar er lagt til að ekki verði heimilt að draga rekstrarkostnað vegna söluhagnaðartekna frá öðrum tekjum. Síðan segir að varði kostnaðurinn tekjur sem ýmist eru skattskyldra eða frádráttarbærar skv. framangreindu skuli skipta kostnaðinum í réttu hlutfalli við tekjurnar. Ákvæðið er frekar óskýrt og telja verður að ef átti að koma í veg fyrir að heimila frádrátt vaxtakostnaðar þá hefði verið betra að segja það beinum orðum. Með orðalagi ákvæðisins eins og það er í frumvarpinu er ójóst við hvaða rekstrarkostnað er átt og ennþá óljósara hvað varðar umfjöllun um hlutfallslegan kostnað. Hæpið þykir að stefnt hafi verið að því að allur rekstrarkostnaður félags eigi að koma hér til skipta í sama hlutfalli og tekjur félags af söluhagnaði eru af heildartekjum.

Virðingarfyllt  
f.h. Deloitte



---

Vala Valtýsdóttir  
Forstöðumaður  
Skatta og lögfræðisviðs